

3. mál Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks um „græna stafræna sáttmálann“

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég þakka fyrir það að borgarstjórn heimilaði að taka þetta mál á dagskrá. Ég á varla von á því að um það þurfi miklar umræður hér, enda eitthvað sem hefur verið sameiginleg afstaða okkar allra. En hér liggur fyrir svohljóðandi tillaga:

Borgarstjórn samþykkir að borgarstjóri fyrir hönd Reykjavíkurborgar undirriti „Græna stafræna sáttmálann“ um vistvæna upplýsingatækni á aðalfundi Eurocities-samtakanna í Stokkhólm í þann 27. nóvember nk. Þjónustuskrifstofu verði falið að innleiða sáttmálann í samstarfi umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar.

Ástæðan fyrir því, hæstvirti forseti, að þetta er tekið hér inn á dagskrá með beiðni um afbrigði er sú, að ársfundur, aðalfundur þessara samtaka, fer fram í næstu viku í Stokkhólmi og það kom beiðni um það eða ósk um það hvort að borgarstjórar viðkomandi borga, vegna þess að þessi sáttmáli er tilbúinn, og það var óskað eftir því að hann yrði undirritaður, og eftir umsögn sem ég hef fengið frá bæði þjónustustjóra og frá sviðstýru umhverfis- og samgöngusviðs leggja þær báðar til að það verði gert. Í þessu felst engin fjárskuldbinding fyrir Reykjavík, heldur yfirlýsing um þessa vinnu sem að við höfum verið þátttakendur í og teljum mikilvægt að vera áfram og ég taldi rétt að fá umboð borgarstjórnar til slíkrar undirritunar áður en gengið yrði til þess verkefnis. En ég vil, hæstvirtur forseti, fá að lesa þessa greinargerð sem hljóðar svo:

Eurocities Knowledge Society Forum (þekkingarsamfélag innan Eurocities-samtakanna) hefur haft forystu innan Eurocities-samtakanna um að ryðja brautina fyrir grænni vistvænni tækni og vekja athygli borgarstjórna á mikilvægu hlutverki upplýsingatækni í því skyni að stuðla að umhverfisvernd í borgarumhverfinu. Haldnar hafa verið tvær fjölmennar ráðstefnur árið 2009 um vistvæna upplýsingatækni og kolefnisminnkun, sparnað í orku, vistvænar byggingar, umferðarstjórnun o.fl. Önnur ráðstefnan var haldin í Manchester í mars 2009 og hin í Reykjavík í júní 2009. Þar með hófst undirbúningur að „Græna stafræna sáttmálanum“. Þjónustuskrifstofa Reykjavíkurborgar hefur haft forystu um samskipti við evrópskar borgir á sviði vistvænnar upplýsingatækni. Lögð er áhersla á mikilvægi rafrænnar þjónustu þegar kemur að því að taka græn skref í átt að orkusparandi aðgerðum bæði í þeim tilgangi að minnka pappírnotkun og draga úr akstri til og frá opinberum stofnunum. Græni sáttmálinn er aðeins einn liður í stærra samhengi. „Green Shift Europe“ er stórt verkefni þar sem öll Evrópa leggst á eitt við að leggja umhverfisvernd lið.

Megininntak sáttmálans er að sameina evrópskar borgir í að:

- Nýta upplýsinga- og samskiptatæknilausnir til að leysa vandamál vegna kolefnislosunar og ýta undir breytingu á hegðun íbúa og fyrirtækja til að gera þeim kleift að minnka kolefnislosun, þ.m.t. í upplýsinga- og samskiptatækni.
- Hvetja evrópskar borgir til forystu við innleiðingu tækninýjunga og byggja upp samvinnu til að ná fram sameiginlegum markmiðum í loftlagsmálum (Climate Change Commitments).
- Deila reynslu og sérþekkingu opinberra sem og einkaaðila í upplýsingatækni til að ná fram meiri loftslagsgæðum í samstarfi við stofnanir innanlands og á alþjóðlega vísu.

Stefnt er að því að sáttmálinn verði undirritaður á aðalfundi Eurocities í Stokkhólmi í næstu viku. Sáttmálinn felur ekki í sér fjárhagslegar kvaðir heldur hvatningu til borga um að deila með sér þekkingu og reynslu ásamt því að leitað verði utanaðkomandi fjármagns til að tryggja framgang sáttmálans.

Og ég legg hér með til forseti, að þessi tillaga verði samþykkt.

Forseti: Borgarstjóri hefur lokið máli sínu og til máls tekur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

3. mál Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks um „græna stafræna sáttmálann“

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Við í minnihlutanum sem raunar vorum að fá þessa tillögu nánast í þessum töluðu orðum, gerum ekki athugasemd við hana heldur hyggjumst styðja hana fyrir okkar leyti. Þetta er mjög í anda þeirrar stefnu sem að hér var sett fram og keyrð af nokkrum þunga á síðasta kjörtímabili og kristallaðist annars vegar í umhverfisstefnunni Reykjavík í mótun, en ekki síður í þeim þjónustu umbótum og umbótum á sviði upplýsingatæknimála, sem innleiddar voru undir yfirskriftinni „rafræna Reykjavík“.

Það er hins vegar skemmst frá því að segja, að ef mig misminnir ekki, þá hefur það verkefni nánast verið stopp á þessu kjörtímabili og þjónustubáttum sem hægt er að sinna rafrænt í staðinn fyrir í gegnum pappír hefur ekki fjölgað nokkurn skapaðan hlut eða í það minnsta mundi ég vilja heyra svör borgarstjóra varðandi þá þætti og hvort að eitthvað sé í undirbúningi á þessu sviði, því að þetta er víða um heim lykilþáttur í því að minnka í raun eyðslu af öllu tagi, hvort sem það er akstur, eyðublöð eða annað, fyrir utan að vera býsna hagkvæm og góð leið til þess að veita fyrsta flokks þjónustu allan sólarhringinn.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu og til máls tekur hæstvirtur borgarstjóri.

3. mál Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks um „græna stafræna sáttmálann“

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég þakka borgarfulltrúanum jákvæðar undirtektir hvað varðar þessa tillögu og gott að við getum sammælt um hana. Borgarfulltrúinn talaði um „rafræna Reykjavík“ og ég get alveg tekið undir með honum að það er mikilvægt verkefni, en þessi frasi, borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson, allt gert á síðasta kjörtímabili og ekkert í þessu passar ekki í þessu máli frekar en svo mörgum öðrum. Það er fullt af verkefnum sem hefur verið unnið í „rafrænni Reykjavík“ á þessu kjörtímabili. Ég nefni bara dæmi sem tengjast leikskólamállum og því sem að fólk getur gert á netinu sem tengist leikskólamállum og önnur verkefni. Þannig að utan um þetta er haldið auðvitað á þjónustuskrifstofum borgarinnar og gert mjög vel. Þannig að reyna að halda því fram eins og hér var gert, og ég ætla ekki að reyna að segja ekkert var gert á síðasta kjörtímabili R-listann en allt á þessu kjörtímabili, en ég held að það eigi ekki við.

Það er mjög öflugt, eins og borgarfulltrúinn þekkir, teymi sem heldur utan um „rafræna Reykjavík“ og það hefur fullt af þróunarverkefnum verið unnið inn í „rafrænu Reykjavík“ á þessu kjörtímabili. Og núna til dæmis til þess að nefna, borgarfulltrúinn spurði er eitthvað sérstakt í gangi. Já, til dæmis núna er þetta teymi sem heldur utan um „rafræna Reykjavík“ að þróa ákveðið kerfi fyrir okkur í tenglum við fjárhagsáætlunargerðina og þá tilraun sem borgarstjórn samþykkti hér, að veita borgarbúum tækifæri til þess að kjósa um einstaka þætti inni í fjárhagsáætlun. Það verkefni er allt unnið inni í „rafrænu Reykjavík“ og út frá þeirri hugsun sem þar er, þannig að það er alls ekki rétt að halda því fram. Okkar starfsfólk heldur mjög kröftuglega á því og fullt af spennandi verkefnum sem hafa bæst við „rafrænu Reykjavík“ á þessu kjörtímabili, en ég ætla ekki að draga það í efa að það hafi ekki verið unnið ljómandi vel að því verkefni á síðasta kjörtímabili.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá er tekin til afgreiðslu tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um „Græna stafræna sáttmálann“. Þeir sem samþykkja tillöguna gefi merki. Tillagan er samþykkt einróma. Þá er tekið fyrir 4. mál á dagskrá sem er tillaga borgarfulltrúa

Bstj. 17. nóvember 2009

Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um eldfjallabjórðgarð og til máls tekur borgarfulltrúinn Óskar Bergsson.